

Nd.

159. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum. Fram komu m. a. upplýsingar um ráðstöfun þess fjár, sem ekki var endurlánað Framkvæmdasjóði Íslands, en það skiptist þannig:

| | |
|---|----------------|
| Til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun 1973 | 273 millj. kr. |
| Til togarakaupa | 233 — — |

Að fengnum ýmsum upplýsingum ákvað nefndin að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndinni barst bréf frá fjármálaráðuneytinu um lántöku vegna hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Þar er þess óskað, að nefndin flytji breytingartillögu við ofangreint frumvarp um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til framkvæmda í téðum höfnum.

Nefndin ræddi þetta atriði sérstaklega og kvaddi til viðtals þá Davíð Ólafsson seðlabankastjóra, Halldór E. Sigurðsson fjármálaráðherra, Björn Jónsson samgönguráðherra og Brynjólf Ingólfsson ráðuneytisstjóra. Mun formaður nefndarinnar flytja breytingartillögu við frumvarpið í samræmi við téðar óskir fjármálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um það atriði og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fram kom í nefndinni athugasemd við það að flytja þetta mál sem breytingartillögu við frumvarp, og fundið var að efnismeðferð.

Alþingi, 28. nóv. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form., frsm.

Gils Guðmundsson,
fundaskr.

Gylfi Þ. Gíslason.

Matthías Bjarnason.

Karvel Pálmason.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórarinn Þórarinsson.